



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100

148. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn fimmdugaginn 24. ágúst og hófst hann kl. 17.00. Mættir: Ægir Sigurðsson, skólameistari, Guðmundur Björnsson, formaður skólanefndar, Eggert Ólafsson, Jón Gunnarsson, Sturlaugur Ólafsson, aðstoðarskólameistari, Þór Stefánsson, fulltrúi kennara, Gunnar M. Jónsson, fulltrúi nemenda, Þórunn Friðriksdóttir, kennari og Jón Sæmundsson, fjármálastjóri og fundarritari.

1. Tilraun í Fjölbrautaskóla Suðurnesja á vegum Menntamálaráðuneytisins.

Þórunn Friðriksdóttir kynnti námsáfangi, sem nefnist **samskipti (SAM 106)**. Áfangi þessi samanstendur af samfélagsfræði og ýmsum öðrum þáttum. Áfanginn verður próflaus, en þeim mun meira verður lagt upp úr ástundun og vinnusemi. Fyrirhugað er að kenna 12 tíma á viku og verða verkefni nemenda metin í lok annar. Sú nýjung verður tekin upp að í hverjum 25 nemenda hópi verða tveir kennarar samtímis. Gert er ráð fyrir að á haustönn verði 2 hópar í SAM 106, en stefnt er að því að allir nemendur skólans taki þennan áfangi er fram líða stundir. Rétt er taka fram að Menntamálaráðuneytið greiðir allan þann aukakostnað sem af tilrauninni hlýst.

2. Lok vorannar og upphaf haustannar.

Ægir Sigurðsson, skólameistari greindi frá því að í vor hefði verið sett upp neyðardagskrá að loknu kennaraverkfalli til að bjarga því sem bjargað yrði. Það kom fram að bærilega hefði til tekist og nú væri komið að síðara hluta þessa máls.

Ægir skýrði ýtarlega frá gangi mála meðal annars að kennsla og próf yrðu næstu tvær vikur og lýkur þann 8. september. Almenn kennsla á haustönn hefst mánudaginn 11. september og stendur í 13 vikur, reiknað er með útskrift á Þorláksmessu.

3. Kennararáðningar.

Eftirtaldir kennaraumsóknir hafa borist:

Sigríður Sigurbjörnsdóttir,

Ágúst Ásgeirsson,

Hörður Ragnarsson.

Samþykkt að mæla með ráðningu fyrrgreindra kennara.

4. Fjármál skólans.


Jón Sæmundsson, fjármálastjóri lagði fram bráðabirgðauppgjör miðað við 1. júlí. Ljóst er að skólinn er á áætlun hvað rekstrarútgjöld varðar samanborið við fjárhagsáætlun S.S.S.


Það kom fram að til reksturs skólans væru fjárlög ríkisins mun lægri og þannig hefði það verið á liðnum árum, þrátt fyrir það hefur ráðuneytið ætíð greitt verulega upp í þennan mismun þar til nú að greitt er einungis samkvæmt ríkisfjárlögum. Það þýðir að skólanum vantar ca 4.5 milljónir króna til rekstursins á þessu ári.

Að hálfu Menntamálaráðuneytisins er viðurkennt að fyrirhuguð verkaskipting sveitarfélaga og ríkisins um næstu áramót á hér nokkra sök, það er að haldið er eftir hluta af launagreiðslum vegna öldungadeildar o.fl. á þessu ári, en það hefur verið viðtekin venja að innheimta þennan kostnað á vormánuðum árið eftir. Skólanefnd lýsir undrun sinni á þessu máli og felur fjármálastjóra að setja S.S.S. inn í málið.

5. Trúnaðarmál.

Fleira ekki gert, fundi slitið.


Guðmundur Björnsson
formaður skólanefndar.


Jón Sæmundsson,
fjármálastjóri, fundarritari.